

13. gr.

Menntamálaráðherra er heimilt að eiga aðild að samningum um stofnun og starfsemi íþróttamiðstöðva í samvinnu við sveitarfélög og íþróttasamtök, enda miðist þjónusta stöðvanna við landið allt. Fjárhagsleg aðild ríkisins að slíku samstarfi er háð fjárveitingum í fjárlögum.

14. gr.

Menntamálaráðherra hefur forgöngu um setningu reglna um öryggisráðstafanir í íþróttamannvirkjum, þar á meðal um eftirlit og að því er varðar íþróttaráhöld og annan búnað.

15. gr.

Menntamálaráðherra getur í reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Með þeim eru numin úr gildi íþróttalög, nr. 49/1956, með síðari breytingum.

Gjört í Reykjavík, 12. júní 1998.

Davíð Oddsson.

Ólafur G. Einarsson.
(L. S.)

Pétur Kr. Hafstein.

Björn Bjarnason.

Nr. 65

LÖG

12. júní 1998

**um breytingu á lögum nr. 36/1993, um kirkjugarða,
greftrun og líkbrennslu.**

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsetisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Á eftir 1. másl. 2. mgr. 6. gr. laganna kemur nýr málslíður, svohljóðandi: Kirkjugarðsstjórn getur ákveðið sérstakan minningarreit í kirkjugarði vegna horfins manns sem úrskurðaður hefur verið látinn og nýtur sá reitur sömu friðhelgi og grafreitur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 12. júní 1998.

Davíð Oddsson.

Ólafur G. Einarsson.
(L. S.)

Pétur Kr. Hafstein.

Þorsteinn Pálsson.